



372/1992 ÞS

Reykjavík, 7. des. 1992

**Sameiginleg ályktun
stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga og stjórnar Sambands íslenskra
sveitarfélaga vegna áforma ríkisstjórnarinnar um skerðingu á framlagi
til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.**

Stjórnir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga mótmæla harðlega áformum ríkisstjórnarinnar, sem koma fram í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga, dags. 5. desember 1992 en þar er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skerðist á næsta ári um 110 millj. kr. sem felur í sér að framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga fellur niður á árinu 1993.

Í því fellst afdrifarík breyting á fjármáalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga, sem ákveðin er einhliða af ríkisstjórninni og án alls samráðs við Samband íslenskra sveitarfélaga, þrátt fyrir nýundirritað samkomulag um að allar slíkar tillögur skuli teknar til umfjöllunar af aðilum sameiginlega.

Stjórnirnar geta ekki fallist á, að lögbundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sé skert með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Minnt er á, að nýverið hafa sveitarfélögin gert samkomulag við ríkisvaldið um 500 millj. kr. greiðslu í Atvinnuleysisstryggingasjóð á næsta ári og átt þátt í því að móta reglur um hvernig niðurfelling aðstöðugjalds yrði bætt sveitarfélögunum á árinu 1993. Í þeim viðræðum kom fram, að vegna næsta fjárlagaárs yrði ekki gert ráð fyrir öðrum breytingum á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Stjórnir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga vara ríkisstjórnina alvarlega við því, að breyta einhliða reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, án formlegs samráðs við Samband íslenskra sveitarfélaga og óska nú þegar eftir viðræðum við fulltrúa ríkisstjórnarinnar um þetta mál.

F.h.stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga og
Sambands íslenskra sveitarfélaga


Þóður Skúlason, framkvæmdastjóri

Til ríkisstjórnarinnar,
allra alþingismanna og
sveitarfélaga.